

**Nd.**

**32. Nefndarálit**

[6. mál]

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar hefur fjallað um mál þetta á einum fundi og hefur nefndin klotnað í málinu.

Undirritaðir í minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar viðurkenna, að fjáröflunar til Vegasjóðs sé þörf, og hafa þeir tekið þátt í viðræðum um slíka fjáröflun.

Í þeim viðræðum var talið nægjanlegt til lausnar þeim fjárhagsvanda, sem Vegasjóður á nú við að glíma, að hækka bensíngjald úr kr. 9.87, sem það nú er, í kr. 14.87 eða um 5 kr. en ekki 7 kr. eins og núverandi meiri hluti ætlar að framkvæma. Það ber á að líta í þessu sambandi, að hefði stjórnarandstaðan á s. l. vori ekki stöðvað fjáröflunarmálið í þinginu, hefði 4 kr. hækkun á lítra eins og þá var fyrirhugað nægt til að brúa bil Vegasjóðs.

Þar sem allar horfur eru á, að 7 kr. hækkun bensínlítra verði samþykkt, teljum við eðlilegt, að 2 kr. af þessum 7 renni til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli, það er í bæjum og kaupúnum, sem skammt eru á veg komin í þeim framkvæmdum, og á sérstöku þingskjali flytjum við þrjú þingdeildarmenn tillögu þar að lútandi.

Alþingi, 3. september 1974.

Karvel Pálmason,  
frsm.

Gils Guðmundsson.